# Kaup á Laugarnesi og Kleppi 1884-1885. Kleppsskjöl 1845-1858

Aðfnr. 1363, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

25/3 85

Vjer undirskrifaðir, er bæjarstjórnin hefir kosið til að segja álit vort um, hvernig bærinn eigi að hagnýta sjer Laugarness- og Kleppseignina, viljum hjermeð gjöra þaraðlútandi tillögur þær, er nú skal greina:

1. Laugarnes verði byggt þannig að ábúandinn hafi til allra venjulegra leiguliðanota húsin og landið allt innangarðs, að undanteknum stofutóptinni, og ennfremur beit í landinu utangarðs fyrir fjenað þann, er hann getur fóðrað heima að vetrinum; þó má hann eigi hafa fleiri hesta, en hann þarf til heimilisbrúkunar, nema hann borgi beitartoll fyrir þá, eins og bæjarmenn; honum sje og heimilt að heyja í landi jarðarinnar utangarðs, án þess að hann megi þó verja þar nokkrar slægjur, sem og hafa þar mótak og torfristu til heimilisþarfa; honum sje og leyfilegt sjálfum

Jj. 234/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að nota allskonar fiskiveiðar fyrir landi jarðarinnar; einnig hafi hann heimild til að taka til beitar í landið hesta ferðamanna, er koma til bæjarins; en sjeu slíkir hestar hjá honum lengur en viku í einu, beri honum að heimta og ábyrgjast bænum beitartoll, er nemi 50 a. fyrir hverja viku eða part úr viku, sem þar er framyfir.

Húsunum taki hann við í því ástandi, sem þau eru í, sem og görðum og öðrum mannvirkjum, og sje skyldur að svara þeim í eigi lakara ástandi, en að öðru leyti sje sjerstaklega samið við hann um að byggja hús upp og gjöra aðrar verulegar endurbætur, eptir því sem þörf kynni að vera á.

Þegar hann tekur hesta bæjarmanna til gæzlu má hann eigi taka meiri borgun fyrir það en í mesta lagi 1 kr. um mánuðinn fyrir hvern hest.

Ábúandinn fái jörðina byggða til 5 ára og gjaldi hann í landskuld 60 kr. árlega; ennfremur sje honum skylt að sljetta á ári hverju túnblett er eigi sje minni en ¼ dagsláttu; að öðru leyti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi hann þær leigulidaskyldur, sem lög gjöra ráð fyrir.

2. Kleppur sje framvegis í sömu byggingu sem verið hefur.

3. Bæjarbúar hafi heimild til að nota land Laugarness og Klepps til beitar fyrir skepnur sínar eigi síður en land bæjarins, en þeir borgi í beitartoll árlega fyrir hverja kú 2kr. og fyrir hvert hross, er gengur hjer skemur en 6 vikur, 1kr., en gangi það lengur þá 2kr. og sje enginn greinarmunur á því gjörður, hvort það gengur í landi Laugarness og Klepps eða í öðru landi bæjarins.

4. Fyrir hesta þá, er ætlaðir eru til að flytjast af landi burt, og sem beitt er í landi því sem bærinn er eigandi að, skal borga 5a. fyrir hvern sólarhring í hagatoll.

5. Bæjarmenn hafi ætíð heimild til að nota laugarnar til þvotta borgunarlaust, meðan það er eins erfitt einsog það er nú; aptur á móti borgi útlendingar fyrir það, einsog venja hefur verið að undanförnu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Fyrir seglfestu, sem tekin kynni að vera í landi Laugarness eða Klepps eða annarsstaðar í landi bæjarins, sje borgað 1 kr. fyrir hver 10 tons eða minna, er skipið rúmar.

7. Að því er snertir mótak Engeyinga í Laugarnesslandi, þá leggjum vjer það til, að samninga sje leitað við eigendur Engeyjar um að tilkalli til þess sje sleppt, móti því að bærinn sem eigandi Laugarness, sleppi tilkalli sínu til skipsuppsáturs og kindagöngu í Engey.

Reykjavík 25. Marz 1885.

Magnús Stephensen. Eiríkur Briem. H. Kr. Friðriksson

Til

Bæjarstjórnarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/5

Hinn 11. d. maímanaðar 1885 vorum við undirskrifaðir samkomnir fyrirmælum hlutaðeigenda tilstaðar á Laugarnesi til þess að virða timbur það, sem hús nefndrar jarðar eru gjörð með; virðingin fjell þannig:

| | kr. | a. |
|---|---|---|
| Allt timbur í baðstofunni með tveimur rúmstæðum | 35 | " |
| Í bæjardyrunum | 6 | " |
| Í eldhúsi | 6 | " |
| Í skemmunni | 15 | " |
| Í hesthúsi | 2 | " |
| Samtals | 64 | " |

Sömuleiðis skoðuðum við allan túngarðinn og eru 170 faðmar af honum meir og minna bilaðir.

Reykjavík 11. d. maím. 1885.

Ólafur Ólafsson

Björn Guðmundsson

fyrir Jón Þórðarson viðtakanda.

Bjj 303/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/9

Við úttekt jarðarinnar Laugarness á síðastliðnu vori, voru af úttektarmönnunum 170 faðmar túngarðsins álitnir meira og minna fallnir og brostnir. Um þetta eru engir samningar gjörðir nje ofanálag ákveðið. Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst hjer með að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn, hvort hún ekki vilji fallast á, að hinu ákveðna peningaafgjaldi jarðarinnar verði svo sem næstu 5 ár fyrst um sinn varið til þess að endurbæta girðingar túnsins, þannig, að mold sú, sem í þeim er, verði rifin niður, og túngarðurinn svo byggður upp aptur úr grjóti, í framhaldi grjótgarðs þess, sem áður er kominn kring um nokkurn hluta túnsins; eða að moldargarðurinn sje látinn halda sjer að innanverðu og lagfærður eptir því sem þörf gjörist, en sá kantur sem út snýr, verði byggður úr grjóti. En af því töluverður erviðleiki er á að rífa upp og afla grjóts í þenna garð, hygg jeg að borgun fyrir að rífa niður moldargarðinn, og hlaða hann upp aptur vel og forsvaranlega úr grjóti, verði í allra minnsta lagi 2 krónur fyrir hvern faðm, en 1 króna fyrir hvern faðm, sje hann hlaðinn úr grjóti að eins að utanverðu, en úr mold að innan. En fyrir þessa borgun, þó lág sje, vil jeg takast á hendur að byggja þennan túngarð. En skyldi hin heiðraða bæjarstjórn geta fengið aðra til að gjöra þetta verk fyrir jafnlítið eða minna endurgjald,

Bjj 690/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hún borgaði mönnum þeim sem að því ynnu, eða ljeti mig svara þeim vinnulaunum af jarðarafgjaldi því, sem jeg samkvæmt byggingarskilmálunum á að greiða, væri mjer það mjög kært.

Ef ábúðarrjettur minn á Laugarnesinu eigi væri bundinn við aðeins 10 ára tímabil, en jeg þar á móti hefði vissu fyrir, að jeg mætti búa þar svo lengi sem mjer entust kraptar og líf, sem mjer frá mínu sjónarmiði virðist að heppilegra og affarasælla væri bæði fyrir mig, sem ábúanda, og Reykjavíkurbæ sem jarðareiganda, mundi jeg eigi leita styrks til túngirðingarinnar, heldur reyna að kljúfa þrítugan hamarinn til þess að girða túnið sem bezt, og yfir höfuð gjöra allt jörðinni til bóta og framfara sem frekast stæði í mínu valdi, í von um að jeg með tímanum fengi þann kostnað endurgoldinn í framför túnsins og jarðarinnar. En eins og nú stendur á, treystist jeg ekki til að gjöra við túngarðinn svo vel sem þörf er á til frambúðar, nema fyrir endurgjald, þar sem jeg nú þegar hefi orðið að kosta mörgum tugum króna, og verð framvegis að kosta svo hundruðum króna skipti, til þess að jörðin geti orðið byggileg og mjer að nokkurnvegin fullum ábúðarnotum, t. a. m., að búa til heygarð, fjenaðarhús, kálgarð o. s. frv., sem ekki heyrir beinlínis skylduverkum jarðarinnar til, en sem þó er óumflýjanlega nauðsynlegt, og er meiri kostnaði bundið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur en endurbygging alls túngardsins.

Skildi hin heidrada bæjarstjórn, mót von minni, eptir því sem nú á stendur, eigi vilja styrkja mig til túngirdingarinnar með því að verja til hennar því ákvedna peninga afgjaldi af jördinni svo sem 5 ár, sje jeg mjer ekki fært að svo komnu að leggja til jardabóta í Laugarnesi nema sem minnst jeg get, samkvæmt byggingarskilmálunum; því ef jeg yrdi neyddur til að fara burtu frá jördunni eptir þetta 10 ára tímabil, væri það ekki hyggilegt fyrir minn eigin efnahag, að hafa lagt þar mikinn kostnað til jardabóta, sem jördin sjálf fyrst færi að endurborga þegar minn ábúdartími væri ledinn. Óvissan um það, hvert jeg geti fengið að búa á jördinni með sanngjörnum kjörum eptir þessi 10 ár, er reyndar hvöt fyrir mig að draga mig í hlje, og nota hverju því tækifæri sem býdst, til þess að komast þadan í burtu glosna við ábúðina sem fyrst, áður enn jeg væri búinn að leggja allt ofmikið fje í sölurnar til jardabóta, sem jeg ekki ætti von á að njóta neins hagnadar af þegar 10 ár eru lidin. En í von um að hin heidrada bæjarstjórn sýni mjer sanngjarnt drenglyndi, og láti mig eigi vinna fyrir gýg, hefi jeg samt sem áður allan hug á að endurbæta túnið sem bezt jeg get, og yfir höfuð að láta jördina bera þess menjar, að jeg hafi á henni búið, allra helzt ef jeg gæti átt þess von, að fá ábúdarrjett minn lengdan með sanngjörnum kjörum upp á lífstíð, því þá mundi jeg verja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öllum mínum ýtrustu kröptum til þess að jörð þessi yrði mjer, og eigendunum eptir minn dag, töluvert arðmeiri en hún er nú, því í raun og veru álít jeg hana sannarlega þess verða að henni sje allur sómi sýndur.

En hvernin sem framvegis semst um ábúðina milli mín og bæjarstjórnarinnar, verð jeg, meðan ábúðarrjettur minn er svo takmarkaður að tíma sem hann er nú, fastlega að óska þess, að hún, sem jarðareigandi, kosti túngirðingu Laugarness fyrst um sinn á þann hátt, sem jeg hjer að framan hefi tekið fram. Svars óska svo fljótt sem unnt er, helzt fyrir næstu helgi.

Laugarnesi, 16. september 1885.

Með virðingu:

Jón Þórðarson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

Ábúandinn hefir til allra venjulegra leigulíðanota (bæjar-húsin og landið allt innangarðs að undanteknum stofutóptinni og ennfremur beit í landinu utangarðs fyrir fénað þann, er hann getur fóðrað heima að vetrinum; þó má hann eigi hafa fleiri hesta, en hann þarf til heimilis brúkunar, nema hann borgi beitartoll fyrir þá eins og bæjarmenn; honum sé og heimilt að heyja í landi jarðarinnar utangarðs án þess hann þó megi verja þar nokkrar slægjur sér og hafa þar mótak og torfristu til heimilis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarfa; honum sé og leyfilegt sjálfum
að nota alls konar fiskiveiðar fyrir landi
jarðarinnar; einnig hafi hann heimild
til að taka til beitar í landið hesta
ferðamanna, er koma til bæjarins, en séu
slíkir hestar hjá honum lengur en
viku tíma ber honum að heimta og
ábyrgjast honum beitartoll, er nemi
50 aurum fyrir hverja viku eða part úr
viku sem þar er fram yfir.

~~Húsunum taki hann við (í því ástandi sem þau eru í) sem og görðum og öðrum mannvirkjum með ofanálagi eftir samkomulagi við landsdrottinn~~

Húsum jarðarinnar taki hann við
í því ástandi sem þau nú eru í og
má hann rífa þau ef vill, en svari

aptur, þegar hann fer frá jörðunni peningshúsum er séu að viðum til eigi minna virði en 64 krón. (Á túngarðana svarist ofanálagi eptir samkomulagi og ber þó leiguliða að halda þeim forsvaranlega við.)

Þegar ~~ber~~ ábúandinn tekur hesta bæjarmanna til gæzlu má hann eigi taka meiri borgun fyrir það en í mesta lagi 1 krónu um mánuðinn fyrir hvern hest.

Að stofutóptunni hefir Reykjavíkurbær frjálsan og hindrunarlausan aðgang, ef svo skyldi vera að bærinn með tímanum vildi byggja þar hana upp eða nota á einhvern hátt í sínar þarfir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kleppi

Eg undirskrifaður bæjarfógeti
E. Th. Jónassen í Reykjavík

Gjöri kunnugt: að eg í umboði bæjarstjórnarinnar samastaðar hérmeð byggi Jóni Þórðarsyni ~~á Ártúni~~ heimajörðina að Laugarnesi, eignarjörðu Reykjavíkur bæjar, liggjandi í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu # að dýrleika með skilmálum þeim er nú skal greina.

1.

Jörðunni fylgja engin innstæðu kúgyldi né heldur önnur hús en ⌐

⌐ baðstofa í 3 stafgólfum bær og eldhús, en hús önnur hús sem þar nú eru má Jón Þórðarson njóta gegn því einu og standa í viðfesti útlistarjörð frá p. á. að svari til verðs viðauma, er hann fer frá jörðunni í peningshúsum.

2.

Í landsskuld af jörðunni skal hann gjalda á heimili bæjar~~fógetans~~ gjaldkerans í Reykjavík fyrir hvert árs fardaga 60 krónur í peningum. Innstæðu kúgyldi fylgja engin jörðunni.

3.

Hann skal (að hálfu á móti við bæinn) gjalda alla þá skatta og skyldur, sem á jörðunni hvíla eptir lögum þeim, er nú gilda eða síðar kunna að verða sett og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og halda uppi öllum lögskilum af hendi landsdrottni kostnaðarlaust að öllu

4.

Hann skal leggja stund á að rækta vel tún jarðarinnar og vinna það upp á hvert og annast um að allur áburður, er fellur til á jörðunni, sé borinn á túnið og drýgður sem mest má verða með hverju því sem hæfilegt er svo sem veggjamold, mómylsna, moði; ösku og skal bera það í (ösku) mykju-haugunum, en velja honum haganlegt stað þar sem lögur ekki getur runnið frá.

Verði landsdrottinn var við nokkurn brest eða hirðuleysi hjá leiguliða í þessum greinum er honum heimilt að láta úttektarmenn skoða og meta meðferð landseta á jörðunni og ef skoðunargjörðin verður á móti honum þá missir hann ábúðarrétt sinn.

5. gr.

Á hverju ári skal hann slétta í ~~11 faðm~~ í túninu vel og vandlega (~~**~~) að minnsta kosti 1/4 dagsláttu, en farist það fyrir gjaldi hann í stað þess til landsdrottins í peningum —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Þegar leiguliðinn flytur sig frá jörðunni eða andast skal hann eða bú hans skila heimajörðunni og öllu því, er henni fylgir, húsum og öðrum mannvirkjum í fullgildu standi eða með fullu álagi eptir úttektarmanna mati. Eigi hann þá hús á jörðunni eða fyrningar heys, eldsneytis eða byggingarefnis, sem jörðin hefir gefið af sér, fer um það sem segir í lögunum um byggingu ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. 9. og 10. gr.

7.

Hann má ekkert húsfólk taka inn í hús sín né byggja öðrum af túninu nema með leyfi landsdrottins. Hann má ekki selja eða láta af hendi á annan hátt mó eða torf sem aflað er í landi jarðarinnar. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefir aflað af jörðunni, nema því að eins að hann fái aptur jafngildi í heyi eða hann í harðindum láti hey eptir áskorun yfirvaldsins eða hreppsnefndar.

8

Með þessum skilmálum er Jóni Þórðar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir byggð heimajörðin Laugarnes, eins og
til er tekið í 1. grein þessa byggingarbréfs,
í 10 ár, en bregði hann útaf þeim í nokkru,
hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum.
Vilji hann fara frá jörðunni áður en
ábúðartíminn er á enda, skal hann segja
henni lausri fyrir jól næstu á undan
þeim fardögum, er hann ætlar að flytja
burt.

Í þeim atriðum, sem eigi eru greind
hér að framan fer um skyldur og réttindi lands-
drottins og leiguliða eins og ákveðin
lög 12. janúar 1884 mæla fyrir.

9.

Af þessu byggingarbréfi eru gjörð tvö
samhljóða frumrit og heldur landsdrott-
inn öðru, en hitt afhendist leiguliða ásamt
með kvittunarbók, er hann skal hafa með-
ferðis í hvert skipti, sem hann geldur
eitthvað eptir jörðina svo í hana verði
ritað hvað goldið er. Þegar Jón Þórðar-
son fer frá jörðunni skal hann skila
aptur byggingarbréfi sínu.

---

Eg undirskrifaður Jón Þórðarson geng
að framanskrifuðum byggingarskilmálum
og skuldbind mig til að halda þá í
öllum greinum.

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/10 84

Vjer undirskrifaðir, sem bæjarstjórnin hefur kosið til að íhuga tilboð sameigenda Laugarness og Klepps að selja Reykjavíkurbæ alla eignina fyrir verð, er eigi fari fram úr 12000 kr., höfum íhugað og rætt mál þetta með oss og viljum nú, um leið og vjer leggjum hjermeð svör, er vjer höfum fengið, uppá spurningar ýmsar máli þessu viðvíkjandi, skýra bæjarstjórninni frá áliti voru á þessa leið.

Vjer ætlum að nú sem stendur mundi bærinn geta haft þann arð af eigninni, er hjer segir:

1. Eptirgjald eptir Klepp . . . . . . . . 60 kr.
2. Eptirgjald eptir bæinn í Laugarnesi með túninu og beit fyrir þær skepnur, er bóndinn fóðrar þar . . . . . . . . . . . 60 —
3. Beitartollar fyrir hesta og kýr . . . . 300 kr. að frádregnum 1/3 fyrir vanhöldum og kostnaði við innheimtu . . . 100 — 200 —
4. Borgun fyrir að taka seglfestu . . . . 100 —

Samtals 420 —

og höfum vjer hjer eigi talið borgun fyrir að nota laugarnar eða fyrir beitartekju eða beitartolla fyrir fje.

Væri á þetta eitt að líta þá væri engin ástæða til fyrir bæinn að kaupa eignina, en málinu víkur öðru-

Bjj 754/84

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sési við þegar litið er til þess, hve mikla þörf bæjarbúar hafa á því að geta með sanngjörnum kostum fengið að nota Laugarnesland, og væri þeim bægt frá því, nema með afarkostum, þá mundi það eigi aðeins vera tilfinnanlegt fyrir fjöldamarga einstaka menn, heldur hafa og í för með sjer verulegan hnekki fyrir bæinn yfirhöfuð að tala. Verið gæti og að privatmaður kynni að nota Laugarnesland svo, að það hefði í för með sjer ágang á sjálft bæjarlandið, er eigi yrði afstýrt nema með tölverðum kostnaði.

Ef menn þyrftu að óttast að bænum færi hnignandi, þá væri síður ástæða til að ráðast í kaup þessi, en aptur er því fremur ísjárvert að hafna þeim, ef bærinn sem vonandi er stækkar framvegis, því þá verður þörfin fyrir að nota eignina því tilfinnanlegri, og afnot þau, er bærinn gæti haft af eigninni yrðu þá meiri og meiri eigi aðeins að því leyti að beitartollar og borgun fyrir að taka sveitfesti færi þá vaxandi, heldur og að því leyti að þar mætti fá, og leigja eða selja, mótak, fiskiverkunarpláss; gott uppsátur fyrir þilskip, sem og bletti til að rækta tún.

Af þessum ástæðum erum vjer allir á einu máli um að bærinn ætti eigi að hafna því að kaupa eignina ef hún fæst fyrir 11000 kr. og þegar litið er til þess, hvað eignin er nú lakari, en þegar eigendurnir keyptu hana, þá geta það eigi álitist betri kjör en þeir hafa fengið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að því er borgunarskilmála snertir, þá álítum vjer að bærinn fengi eflaust að taka að sjer það opinbera lán, er nú hvílir á eigninni, en ef eigi fengist lán úr opinberum sjóði, til að borga það, sem eptir er, þá kemur oss til hugar, að eigendurnir mundu geta látið sjer nægja, að fá það borgað með 100 kr. skuldabrjefum, er árlega væri borgaðir af 5%, í tveim gjalddögum, [sem sje] 4% í rentu og 1% afdrátt.

Reykjavík 2. Oct. 1884.

Egilsson Eiríkur Briem. P. Ó. Gíslason

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréfi yðar dags. 24. ág. þ. a. svarast þannig:

1° Laugarnes var upphaflega keypt fyrir 11,000 Kr.
Kleppur fyrir . . . . . . . . 2,000 —

2. Kleppur er byggður með 60 Kr afgjaldi árlega

3. Af Töðu hefir fengist þegar frá ganga hin <u>lélegustu</u> síðustu ár 1100 – 1200 ℔
af úthey 550 – 650 ℔

4. Hestabeit — 250 – 300 Krónur.
Kúabeit 50 – 60 —

5. Fyrir reglfestu 100 – 200 —

6. það er gömul kvöð á Laugarnesi, að Engeyingar eiga þar mótak fyrir sig, en Laugarnes á aptur á móti skipsuppsátur í Engey og hagbeit fyrir

Auk þessa hefur opt fengist talsvert fyrir hagagöngu á fé, svo sem árið 1882 190 Kr.

Sömuleiðis í Laugatolla 30 – 60 Kr og hefði mátt fá meira, hefði harðar verið eptir gengið.

Rvk. 30 Ágúst 1884

H. Helgesen

a.Bsj 754/84

Til

Herra Docents Eiríks Briem.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rv. keypt frá

(mörg þús.)

hagur að því frá privatmanni

1) beit
2) Mótak
3) veigjörð
4) byggvörð
5) seglfesta
6.) lauga + hafnartollar.

(2 kúa fóður)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjérmed læt jeg hina heidrudu Sameignar menn mina i Laugarneseigninni vita, að jeg gèf þeim kaupsarjétt á minum 11ta parti i Laugarneseigninni, fyrir hið sama verð, sèm jeg keypti það, ef jeg fæ peningana útborgaða nú strax þann, 23-24 þ. m., ásamt 8 prosents af hundraði hvörju i þeim 11ta parti eignarinnar sèm jeg á og hvað mjer bera eptir þeim auglystu reikningum, með 40 (fjörutiu) rikisdölum silfurs. –

Studlakoti þann 16 januar 1858

Jón Arnason

Til

Sameigenda Laugarnesins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

844 - 4 - 13
632 - • - 11
212 - 3 - 15
19 - 2 - 4

4 | 19
2 | 09 | 1

16 - 2 - 2
13
212 3 10

212 - 3 - 15
16 - 2 - 2 5/13
13
212 3 15

180 / 16-2
16-2

175
175
1925

1925

78) 1926 - 10 (24
156
366
312
54
6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Cont. 17 Nov 56 — 263 - 3 - 2
Pleyskuldir — 94 - 5 - 11
Nagatallar — 7 - 3 - „

365 - 5 - 13

Ufg. 490 — Innt 753 - 4 - 13

Par frá Rúta — 55 — 434 - 2 - 7

753

319 - 2 - 6

Par frá ársrenta frá 23/1 57 til 23/1 58 — 144

ad frádr renty af skurverdi fi 7/12 mán frá 11/6 57 — 1 - 5 - 4 — 142 - „ - 12

177 - 1 - 10

13 - 3 - 12

...e - „ - 10 } 24

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13

Til

Sameigenda Laugarness

22 2 12
12 2 2
10 19 2 10
12 2 2
6 — 5 — 14

12 2 2
8 3 9 16
3 - 4 - 9

148 rd 15
12 — 2 — 1 1/4

148 rd 15
12 2 2
9 . 12
3 — 1 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð mjer á fundi Sameigenda Laugarnes var neitað um að fá útborgaða þá 175 rd. (eitt hundrað sjötíu og fimm ríkisdali) silfurs, er jeg á inni standandi í Laugarnesinu, sem og að fá þann skerf er mjer eptir mínu tillagi ber af því, sem Laugarnesið hefur rentað sig fyrir: þá læt jeg hina heiðruðu sameignarmenn mína vita: að jeg ætla að selja minn part í eigninni, þó þannig að þeir fái forgángsrjett, ef þeir vilja gefa mjer sama fyrir hann og mjer býðst hjá öðrum útifrá. –

Jafnframt hlýt jeg að mælast til, að mjer verði útborgaður minn kvóti af því, sem eignin hefir rentað sig fyrir, og áskil jeg mjer að hafa mann með mjer, er reikningarnir verða gjörðir upp við mig, fyrst herra Consúllinn vantreystir því, að jeg muni hafa vit á reikningunum. –

Studlakoti þann 6ᵗᵃ november 1857.

Jón Arnason

Til Sameigenda Laugarness

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til svars uppá bréf yðar í dag
áhrærandi eignar skerf yðar í
Laugarnesinu, er það að vér
sendum yður hér með hafað 175 rd
~~og eins árs renta~~ sem er eins stóða
yðar í ~~stein~~eigninni; en yðar
hluta í ágóðanum getið þér ekki
fengið að svo komnu, á ~~ein~~ eður
ekki ~~eru fullgerðir~~ er árið liðið
síðan kaupin gerðust, þarnaðan
ekki er séð fyrir allan tilkostn-
að á þessu fyrsta ári og á með
að af ári reikningar vorir kunnig ekki
geta verið fullgjörðir og réttfær-
lega rannsakaðir, en að því
búnu er það sjálfsagt að
þér fáið yðar skerf af ágóð-
anum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Sameignarmanna Laugarness

Bref frá Jóni
Arnasyni Stúdio
Rvk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi yðar frá 7^da^ þ. m. hafið þjer uppá brjef mitt svarað mjer því: að jeg gjeti nú strax farið að fá pening-ana, sem jeg hafi lagt út fyrir minn part í Laugar-nesi 175 ríkisdali, en par sem jeg hefi í brjefi mínu tekið framm, að jeg ætlaði að selja minn part úr eigninni, þó þannig að þjer hafið forkaupsrjett, ef þjer viljið borga mjer eins mikið eins og mjer býðst hjá öðrum: læt jeg yður vita hjermeð: að jeg ætla mjer ekki að sækja þessa peninga til yðar, heldur ætla jeg mjer að selja þennann part minn úr eigninni, fyrir það, sem mjer býðst bezt, því jeg verð að álíta fyrst þjer engu hafið svarað mjer uppá þetta atriði í brjefi mínu, að þjer kærið yður ekki um að neyta forkaupsrjettarins, að mínum parti. –

Þjer segið í yðar heidraða brjefi að jeg fari með ósannindi; þar sem jeg segji að mjer hafi verið neit-að um að fá mína peninga strax útborgaða ~~mína~~ jeg verð að neita þessu og biðja yður að athuga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at jeg með orðinu mína peninga meinti bæði innstæðu
mína í Laugarnesi, og það sem hún hefir vaxtað sig
fyrir, og að jeg aldrei beiddist eptir höfuðstólnum ein-
tómum af hvörju leiddi að neitun þess eina varð að
vera samfara neitun hins annars, því vildi ekki taka ámóti
því eina án annars. Einsog jeg hinsvegar, þar aungvir
peningar vóru framlagðir fyrrkört með sönnu geta sagt
og sýnt að þjer í verkinu hafið neitað mjer um að fá
þá strax útborgaða. –

Stuðlakoti þann 14 Nov: 1857

Jón Arnason

til

Sameigenda Laugarnesins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rstöðu
j
or
l að
á ámóti
úngvir
sagh
fá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Laugarness Sameigenda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur